

Héraðsdómur Austurlands

Dómur 30. desember 2025

Mál nr. S-74/2025:

Ákærvaldið

(Fríða Thoroddsen aðstoðarsaksóknari)

gegn

Kristrúnu Mörtu Jónsdóttur

(Snorri Sturluson lögmaður)

Dómur

Mál þetta, sem tekið var til dóms 9. þessa mánaðar, var höfðað með ákæru lögreglustjórans á Austurlandi, útgefni 16. maí síðastliðinn, á hendur Kristrúnu Mörtu Jónsdóttur, kt. [...], fyrir umferðarlagabrot með því að hafa, þriðjudaginn 7. janúar 2025, ekið bifreiðinni [...] undir áhrifum áfengis (í blóðsýni hafi vínandamagn mælst 0,85‰) um [...], þar sem lögregla hafi stöðvað akstur hennar og hafa þannig brotið gegn 1., sbr. 2., mgr. 49. gr., sbr. 1. mgr. 95. gr., umferðarlaga nr. 77/2019. Í ákæru er þess krafist að ákærða verði dæmd til refsingar, greiðslu alls sakarkostnaðar og til að sæta sviptingu ökuréttar samkvæmt 99. gr. og 101. gr. sömu laga.

Um málsatvik er skírskotað til framangreindrar ákæru.

Ákærða neitaði sök í þinghaldi 26. júní síðastliðinn og óskaði eftir endurmælingu á blóðsýni úr sér. Hinn 11. september síðastliðinn var svo lagt fram á dómþingi bréf Rannsóknastofu í lyfja- og eiturefnafræði Háskóla Íslands, dags. 23. júlí 2025, þar sem greinir frá því að við endurtekna etanólákvörðun sýnisins 4. þess mánaðar, eða tæpum fimm mánuðum eftir fyrri ákvörðun, hafi etanólstyrkur þess mælst 0,91‰ (0,82‰ með frádrætti). Þar er einnig rökstutt með vísan til geymsluþolsrannsóknar stofunnar að etanólstyrkur í blóði hafi tilhneigingu til að lækka með tímanum og er þar nánar rakið með hvaða hætti. Þá segir meðal annars enn fremur að unnt sé, að tilteknum forsendum uppfylltum, að staðfesta etanólmælingu í sýni sem geymt hafi verið í ísskáp í allt að 24 mánuði. Að því röktu að þessar forsendur séu í fyrirliggjandi tilviki uppfylltar er í niðurlagi bréfsins greint frá því að endurtekning hafi staðfest fyrri mælingu.

Á dómþingi 1. október síðastliðinn staðfesti ákærða svo að afstaða sín til sakargifta væri óbreytt og var aðalmeðferð málsins ákveðin 10. þessa mánaðar. Fyrir í þessum mánuði upplýsti svo skipaður verjandi að ákærða vildi breyta afstöðu sinni til sakargifta.

Að svo komnu máli var málið tekið fyrir á dómþingi 9. þessa mánaðar þar sem sá vilji ákærðu var staðfestur. Viðurkenndi ákærða skýlaust að hafa gerst sek um það brot sem henni er gefið að sök í ákæru og greindi frá því að eftir að hafa farið yfir gögn málsins ásamt verjanda sínum teldi hún þau staðfesta akstur hennar undir áhrifum áfengis eins og í ákæru greini. Í ljósi þess að ákæruvaldið lýsti því yfir að ekki væru forsendur til að ljúka málinu með viðurlagaákvörðun, og þar sem ákærða hafði játað brot sitt skýlaust og dómari taldi ekki ástæðu til að draga í efa að játningin væri sannleikanum samkvæm, var ákveðið að fara með málið að hætti 164. gr. laga nr. 88/2008. Sætti sú málsmeðferð ekki andmælum og ekki var talin ástæða til aðalmeðferðar, sbr. niðurlag þess lagaákvæðis.

Af hálfu ákærðu er krafist vægustu refsingar sem lög leyfa og hæfilegrar þóknunar til handa skipuðum verjanda hennar. Af hennar hálfu var einkum vísað til þess í þinghaldinu 9. þessa mánaðar að dómur frá 11. júní 2018 hefði ekki ítrekunaráhrif við ákvörðun refsingar og að dæma ætti sektarrefsingu og tímabundna sviptingu ökuréttar.

Dómurinn telur sannað með afstöðu ákærðu, sem í ljósi gagna málsins er ekki ástæða til að draga í efa að sé sannleikanum samkvæm, að hún hafi gerst sek um þá háttsemi sem saksókn á hendur henni tekur til samkvæmt framansögðu. Þykir háttsemin réttilega heimfærð til refsíákvæða í ákæru og hefur hún því unnið sér til refsingar.

Samkvæmt sakavottorði frá 9. þessa mánaðar hefur ákærðu sex sinnum verið gerð refsing, í öllum tilvikum fyrir brot gegn umferðarlögum og hafa þar af tvö þeirra þýðingu nú við ákvörðun refsingar. Með dómi 11. júní 2018 var hún dæmd til sektargreiðslu og tímabundinnar eins árs sviptingar ökuréttar, þar á meðal fyrir akstur undir áhrifum áfengis og ávana- og fíkniefna. Dómurinn var birtur ákærðu 26. sama mánaðar. Með sátt við lögreglustjóra 26. júlí 2021 gekkst hún undir sektargreiðslu og sviptingu ökuréttar í þrjú ár frá þeim degi að telja.

Við ákvörðun refsingar horfir dómurinn til þess að í 1. mgr. 95. gr. umferðarlaga nr. 77/2019 er ekki kveðið á um ítrekunaráhrif hvað refsingu viðkemur. Þrátt fyrir það stendur dómvenja til þess að litið sé til brotaferils manns við ákvörðun refsingar á hliðstæðum sjónarmiðum og ítrekunaráhrif þar sem þeirra er getið í lögum, sbr. dóm Hæstaréttar Íslands 9. desember 2021 í máli nr. 30/2021 og dóma Landsréttar 17. sama mánaðar í máli nr. 154/2021 og 18. mars 2022 í máli nr. 532/2021. Af dómaframkvæmd má glögggt ráða að virða ber sakaferil manns við ákvörðun refsingar á þann máta að hafi ekki liðið fimm ár á milli þess að viðkomandi hefur lokið afplánun fyrri refsingar, frá því að refsing hefur fallið niður eða hún verið gefin upp, eða frá tímamarki refsíákvörðunar

í tilviki sektarrefsingar, þegar nýtt brot er framið, þá hafi fyrri refsíakvarðanir áhrif til þyngri við ákvörðun refsingar fyrir hið nýja brot, sbr. meðal annars til hliðsjónar fyrrgreindan dóm Hæstaréttar nr. 30/2021 og dóma Landsréttar 23. júní 2023 í máli nr. 537/2022 og í áður tilgreindu máli Landsréttar nr. 532/2021. Af fjölda dóma verður einnig ráðið að dómvenja standi til að refsing vegna brota af því tagi sem um ræðir í fyrirbyggjandi máli verði ekki bundin skilorði nema í undantekningartilfellum, sbr. til að mynda aftur fyrrgreindan dóm Landsréttar í máli nr. 537/2022.

Eftir framangreindu, þar á meðal að sakaferli ákærðu virtum, sbr. 5. tl. 1. mgr. 70. gr. almennra hegningarlaga nr. 19/1940, þykir refsing ákærðu samkvæmt 1. mgr. 95. gr. laga nr. 77/2019, í samræmi við dómvenju, réttilega ákveðin fangelsi í 30 daga. Eins og hér hagar til þykja, samkvæmt því sem að framan er ritað, ekki efni til að binda refsinguna skilorði.

Með vísan til 3. mgr., sbr. 1. mgr., 99. gr. laga nr. 77/2019 og upphafsmálsliðar 1. mgr. 101. gr. sömu laga er ákærða einnig svipt ökurétti ævilangt frá birtingu dóms þessa að telja.

Á grunni 1. mgr. 235. gr. laga nr. 88/2008 er ákærða dæmd til að greiða allan sakarkostnað málsins. Samkvæmt framlögðu heildaryfirliti um þann kostnað og með stoð í reikningum nemur sakarkostnaður vegna blóðsýnatöku og blóðrannsóknna samanlagt 105.507 krónum, en annar sakarkostnaður fellur til vegna starfa skipaðs verjanda ákærðu fyrir dómi, Snorra Sturlusonar lögmanns. Þóknun hans þykir að virtu umfangi málsins og aðkomu lögmannsins hæfilega ákvörðuð, að meðtöldum virðisaukaskatti, samkvæmt því sem í dómsorði greinir.

Hákon Þorsteinsson héraðsdómari kveður upp dóm þennan.

Dómsorð:

Ákærða, Kristrún Marta Jónsdóttir, sæti fangelsi í 30 daga.

Ákærða er svipt ökurétti ævilangt frá birtingu dómsins að telja.

Ákærða greiði 339.867 krónur í sakarkostnað, þar með talda 234.360 króna þóknun skipaðs verjanda síns fyrir dómi, Snorra Sturlusonar lögmanns.

Hákon Þorsteinsson.